Fullgild rafræn undirskrift
ANNA BLÖNDAL
2026-07-15 14:21:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HILDUR HARÐARDÓTTIR
2026-07-15 14:28:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AÐALHEIÐUR DÖGG FINNSDÓTTIR HELLAND
2026-07-15 14:44:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EIRÍKUR BÚI HALLDÓRSSON
2026-07-16 12:06:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Leiðarljós leikskólans 3
2. Greinargerð leikskólastjóra 3
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 7
5. Starfsþróunarsamtöl 8
6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 8
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 8
8. Foreldrasamstarf 9
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 9
10. Þróunarverkefni 10
11. Fylgiskjöl: 11
11.1 Innra mat allra deilda 2025-2026 11
11.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027 12
11.3 Umsögn foreldraráðs 17

1. Leiðarljós leikskólans

Umhyggja - gleði - vinátta

2. Greinargerð leikskólastjóra

Fjórða skólaári er að ljúka og óhætt að segja að verkefnin halda áfram að vera fjölbreytt og skemmtileg með áskorunum inn á milli.
Skólaárið byrjaði á hefðbundin hátt, með móttöku nýrra og eldri starfsmanna og barna sem voru að koma úr orlofi. Aðlögun nýrra barna hófst í lok ágúst og var fram í lok október. Við höfum einblínt á rólega og þægilega aðlögun, sem þýðir að stundum líður lengra á milli móttöku nýrra barna og stundum styttra. Við vorum sammála um að aðlögun þetta árið hafi gengið vel og verður horft til þess á komandi hausti. Á þessu skólaári varð sú nýjung hjá okkur að við vorum með fjögur börn í Hallgerði sem verða fjögurra ára á árinu. Þetta er ekki það sem lagt var upp með í ungbarnaleikskólanum en vegna ytri aðstæðna þá fluttu þau ekki frá okkur. Með skipulagi og fagmennsku náðist að búa til hóp barna sem unnu vel saman. Á næsta skólaári sjáum við fram á að níu börn flytji ekki frá okkur vegna ytri aðstæðna.

Við unnum að samskiptasáttmála í byrjun síðasta skólaárs, fengum til okkar fræðslu frá Kvan um samskipti á vinnustað og kláruðum þá vinnu. Unnið var áfram með skólanámskrá. Verkefnið er skemmtilegt og taka allir starfsmenn þátt í því. Stefnt er að því að klára hana í lok næsta árs. Unnið var með læsi og myndað læsisteymi sem heldur sérstaklega utan um þá vinnu í sínum víða skilningi. Við fengum þrjá styttri fyrirlestra um leik yngstu barna og aðkomu stafsfólks í leiknum. Allur skólinn fór á ráðstefnuna Leikur og samskipti. Leikurinn er okkar megin námsleið og því verkefni og vinna tengd honum ávallt ofarlega í huga. Við ætlum því að halda áfram að leggja áherslu á leikinn á næsta skólaári ásamt því að huga að hvíld barna og málörvun. Við ætlum líka að fá fræðslu um skjánotkun ungra barna.

Í haust munum við kynna okkar þátt í þróunarverkefninu “réttindi barna á Íslandi” ásamt öðrum, á Menntakviku HÍ. En með þátttöku í því verkefni urðum við réttindaskóli Unicef. Við höldum áfram að vinna að verkefnum tengdum Barnasáttmálanum.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð og í ár var yfirskriftin „samfélag og samkennd“. Við unnum með vináttu og gerðu börnin samvinnuverkefni, ýmist tvö saman eða allir.





3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Starfsdögum / stjórnendafundum Með umræðum og verkefnum bæði á starfsdögum og stjórnendafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: mikil vinna hefur farið fram við gerð á námskránni Tækifæri: hægt að vinna að því að klára námsskrána

Hvað var metið?	Samskiptasáttmáli
Hvernig fór matið fram?	Starfsdögum / stjórnendafundum Með umræðum og verkefnum bæði á starfsdögum og stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: Vinnan var kláruð Tækifæri: Gera veggspjald af samskiptasáttmála og hafa það sýnilegt fyrir starfsmenn

Hvað var metið?	Menntastefna/ Læsisteymi/Lubbi
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: Læsisteymi stofnað Tækifæri: Setja niður fasta fundi fyrir teymið.

Ytra mat

Starfsfólk leikskólans tók þátt í starfsánægjukönnun á vegum Gallups, Stofnun ársins.

Hvað var metið?	Starfsánægja, stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Með spurningalista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats	**Helstu styrkleikar:** Starfsmenn finna fyrir jafnræði á leikskólanum óháð aldri, kyni, uppruna, kynhneigð eða trúar- eða lífsskoðana. Einnig finnst starfsmönnum þeir geta leitað til síns næsta yfirmanns og að þeir séu sanngjarnir. **Tækifæri til umbóta**: Könnunin sýndi að samskipti milli starfsmanna mætti bæta og þarf að fá fleiri til að svara könnuninni

Hvað var metið?	Fagumhverfiskönnun
Hvernig fór matið fram?	Með spurningalista
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn leikskóla í Reykjavík
Helstu niðurstöður mats	**Helstu styrkleikar:** Samskipti við börnin er stærsti styrkleiki leikskólastarfsmanna. Starfsmenn telja sig hæfa að styðja við jákvæð samskipti og hegðun barna, styðja við og leysa deilur í barnahópnum, að ýta undir félags- og tilfinningafærni barna og að hjálpa börnum að efla sjálfstraust sitt. **Tækifæri til umbóta:** Þörf er á starfsþróun á mörgum sviðum leikskólanna. Könnunin spurði út í 13 svið en þau sem komu best út voru með 36% sem svöruðu að mikil eða nokkur þörf væri á starfsþróun á því sviði en sviðið sem kom verst út þá svöruðu 58% að þörf væri á mikilli eða nokkurri þróun. Sviðin sem flestir fundust vanta starfsþróun á voru: samskipti við foreldra frá öðrum löndum eða menningarsvæðum og leiðir til að mæta þörfum barna með sérþarfir.

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Skólanámskrá
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skólanámskrárgerð
Tækifæri til umbóta	Klára skólanámskrá
Aðgerðir til umbóta	Fastir fundir
Ábyrgð	Leikskólastjóri / verkefnastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkið er hafið og lýkur lok 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Stjórnendafundir verða settir sérstaklega í vinnu að námskrá og matsfundir.
Viðmið um árangur	Fullgerð námskrá

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Menntastefna - skjánotkun ungra barna
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skjánotkun ungra barna
Tækifæri til umbóta	Fræðsla um skjánotkun ungra barna
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla, kynning. Fá kynningu utanaðkomandi
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 - janúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórafundir og skipulagsdagur
Viðmið um árangur	Að foreldrar og starfsfólk sé meðvitað um skjánotkun ungra barna

5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í júní. Markmiðið með samtölunum er að starfsmenn setji sér markmið fyrir það sem koma skal. Einnig hvernig þeim líður í starfi, hvernig þeir upplifa starfsandann, starfsaðstöðu og samskipti við aðra.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Starfsfólkið fékk margvíslega fræðslu yfir veturinn og höfum við lagt áherslu á að hafa hana í samræmi við þá starfsemi sem fram fer innan skólans þann veturinn. Auk skipulagðra námskeiða og fræðslu viljum við nýta okkur "torgið" betur. Starfsmenn verða hvattir til að skoðað úrvalið af fræðslu þar inni og sækja sér þá fræðslu sem þau hafa áhuga á og því efni sem þeim langar að bæta kunnáttu sína á. Námskeið/fræðsla sem fólk tók þátt í:

- 4 starfsmenn í grunnnámi í leikskólakennarafræðum
- 1 í meistaranámi
- 1 á fagnámskeið 1 hjá Mími
- 10 fóru í nýliðafræðslu
- 1 á námskeið um einhverfu
- Námskeið hjá MML

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn er ungbarnaleikskóli og er ekki í samstarfi við grunnskóla eða frístundamiðstöðvar. Börnin flytjast í hverfisleikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef einhver tilvik eru þess eðlis að umsögn þarf að fylgja barninu þá erum við í góðu samstarfi við móttöku leikskóla þess barns.

8. Foreldrasamstarf

Ekkert foreldrafélag hefur starfað í leikskólanum frá opnun. Á haustfundi með foreldrum óskum við eftir foreldrum í foreldrafélag og foreldraráð, en það er lögbundið og skylda í öllum leikskólum að hafa starfandi foreldraráð. Á fundinum segir leikskólastjóri frá leikskólanum og því sem framundan er yfir veturinn. Því næst bjóða deildarstjórar foreldrum inn á deild, starfsfólk kynnir sig og deildarstjóri segir frá því sem fram fer í daglegu starfi.

Í júní er nýjum foreldrum boðið í opið hús þar sem þeir geta skoðað leikskólann og spurt um starfið.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel. Við vorum með fund með foreldrum í október, í desember er jólaball og buðum foreldrum að vera með. í febrúar höldum við uppá dag leikskólans, þá bjóðum við fjölskyldum barnanna að koma og taka þátt í leik barna sinna í lok dags. Við kláruðum skólaárið með sumarhátíð, hún var einföld í sniðum en heppnaðist vel og fóru starfsfólk, foreldrar og börn ánægð í sumarfrí.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir skólaárið. Þau fyrri í nóvember, þá er áhersla á að hitta þá foreldra sem eru að fara inn á annað árið í leikskólanum. Seinni viðtöl eru í mars, við alla foreldra.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skólaárið 2026-2027 verða fimm heilir skipulagsdagar og tveir hálfir.

11. ágúst - frá kl 12:00 - undirbúa deildar og skóla fyrir börn og leikskólastarf
9. október - teymi – samvinna – verkefni
27. nóvember - skólanámsskrá
29. janúar - leikurinn
27. apríl - Menntastefnumót
28. maí - mat á starfi vetrarins

10. Þróunarverkefni

Síðustu ár hefur leikskólinn verið í samstarfi við Unicef. Fyrir þá vinnu hefur leikskólinn fengið viðurkenningu og er réttindaskóli. Gert er ráð fyrir endurmati á viðurkenningunni vorið 2027 og höldum við áfram með okkar vinnu og skoðum hvaða áherslur við viljum hafa ásamt því að horfa til hvíldarstefnu



11. Fylgiskjöl:

11.1 Innra mat allra deilda 2025-2026

Leikskólinn er á tveimur starfsstöðvum sem skiptast í sex deildir. Í Hallgerðargötu eru tvær deildir með 27 börnum á hvorri deild. Í Bríetartúni eru fjórar deildir með 15 börn hver deild. Bæði húsin eru með börn á aldrinum 1 – 3 ára. Unnið er að sömu markmiðum í báðum húsum. Við teljum markmiðin henta vel aldri og þroska barnanna.

Markmið sem unnið var að skólaárið 2025-2026 voru:

Leikurinn

Markmið skólaársins var að auka vitneskju starfsfólks um leikinn sem helstu námsleið barna og hvernig hann tengir saman alla námsþætti.

Styrkleikar: Starfsfólk fékk fræðslu um mikilvægi leiksins, hvert hlutverk starfsmanna er í leiknum með börnunum og hvernig hægt er að nýta mismunandi efnivið til að efla þau í leiknum.

Tækifæri: Námsþátturinn er stór og umfangsmikill. Mikilvægt er að halda vinnunni áfram.

Hvíld

Að börn fái að hvíla sig í ró og næði og sofa eins og þau þurfa.

Styrkleikar: Virðing fyrir rétti barna til hvíldar var höfð í leiðarljósi, í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll börn fengu tækifæri til að fara inn í rólegt hvíldarrými, leggja sig eða slaka á með rólegri tónlist eða sögum. Skapað var umhverfi sem stuðlaði að vellíðan og næði og starfsfólk fylgist með þörfum hvers barns.

Tækifæri: Með meiri upplýsingagjöf til foreldra um mikilvægi hvíld barna og hafa hvíldarstefnu leikskólans sýnilegri getur stuðlað að samvinnu foreldra og starfsmanna um hvíldartíma barna.

Því er vonin að með upplýsingagjöf til foreldra um mikilvægi hvíldar og að hvíldarstefna leikskólans sé sýnileg, að betri samvinna verði milli foreldra og starfsmanna um hvíldartíma barna.

Málörvun

Að auka meðvitund starfsfólks um að veita börnum gott íslenskt málumhverfi.

Styrkleikar: Síðastliðið vor fengu starfsmenn fræðslu á Lubba finnur málbein. Námskeiðið hefur reynst okkur vel og eru starfsmenn farnir að vera öruggari í vinnu með Lubba. Fræðsla hefur gefið starfsfólki innsýn hvernig við veitum börnum gott íslenskt málumhverfi í daglegu starfi

Tækifæri: Allar deildir leikskólans nýta sér námsefnið Lubbi finnur málbein. Þar nýtum við bókina, orð sem tengjast við málhljóðin og lögin. Til að dýpka okkar kennslu í Lubba viljum við útbúa gagnabanka og búa til fleiri verkefni fyrir börnin. Námsefnið væri aðgengilegt og einfalt í notkun.

11.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Báðar starfstöðvar eru að vinna með sama aldurshóp og hafa því allar deildir leikskólans unnið að sömu matsþáttum. Skólaárið 2026 – 2027 höldum við áfram að vinna með matsþætti síðustu ára en þrátt fyrir að unnið sé að sömu matsþættum þá hefur verið þróun á undirmarkmiðum milli ára. Áhersla okkar verður því á að halda áfram að bæta okkur og styrkjast í þessum þáttum.

Matsþættir 2026-2027:

Leikurinn:

Skráningar: að hafa betri yfirsýn og bæta gæði upplýsinga um framvindu á þroska barnanna, greina styrkleika þeirra og þarfir fyrr og nýta upplýsingarnar markvissar í skipulagningu starfsins.

Hæglæti: að gefa okkur meiri tíma og ró fyrir leikinn, leyfa leiknum að þróast og flæða svo börnin fái tækifæri til að njóta betur í leik.

Hvíldin:

Að foreldrar og starfsmenn séu upplýst um hvíldarstefnu leikskólans og minnkun verði á raski hvíldar barnanna.

Hafa hvíldarstefnu leikskólans sýnilega í leikskólanum, á nokkrum tungumálum.
Virða einstaklingsbundnar þarfir barna fyrir hvíld og svefn eftir aldri og þroska.

Málörvun:

Búa til fleiri verkefni sem tengjast námsefninu Lubba til að hafa markvissari málörvunarkennslu. Verkefnin þurfa að vera auðveld og aðgengileg öllu starfsfólki.

1. Leikurinn

Í daglegu starfi er mikið um að vera. Dagskipulagið er þétt og hver deild hefur oft takmarkaðan tíma til að vinna á hverjum stað. Börn þurfa oft meiri tíma til að leika sér og því er mikilvægt að gefa þeim nægan tíma áður en farið er í næsta verkefni, eins eiga hugmyndir barnanna að fá pláss og vera metnar að verðleikum.

Til þess að innleiða hæglæti gefum við börnunum meira rými til sköpunar og ró fyrir leikinn. Hæglætið minnkar streitu barnanna og á sama tíma starfsmanna.

Með markvissari skráningum fáum við betri yfirsýn, meiri gæði upplýsinga þar sem hægt er að vinna með og nýta áfram til dæmis í ferilmöppum, foreldraviðtölum og allri umræðu um börnin og framvindu þroskaferil þeirra.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikurinn/hæglæti
Tækifæri til umbóta	Hæglæti í þágu leiks og vellíðan barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leyfum leiknum að flæða, gefum börnunum meiri tíma í leik og forðumst óþarfa truflanir í leiknum. Með því styðjum við sjálfstæði, sköpun og vellíðan barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjórar, starfsmenn inná deildum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Markmið hefst í byrjun skólaársins 2026–2027. Markmið er fremur opið og gerum við ráð fyrir að vinna lengi með það. Í lok næsta skólaárs höfum við það markmið að hafa náð betur utan um leik barnanna og skapað meiri tíma og ró fyrir leikinn.
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar og myndir úr leik barna ásamt umræðum starfsfólks á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Meiri tími og ró fyrir samfelldan leik.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikurinn/skráningar
Tækifæri til umbóta	Að efla skráningar á leik barna
Aðgerðir til umbóta	Skrá leik barna reglulega, taka myndir og nýta skráningarnar í ferilmöppur, foreldraviðtöl og umræður um þroska barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2026 hefst vinnan okkar með að tileinka okkur skráningar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu með skráningar á komandi skólaárum, markmiðið um innleiðingunna sjálfa áætlum við að ljúka vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Formlegar skráningar tvisvar á ári, í lok árs og á vori. Óformlegar skráningar fara fram yfir allt árið.
Viðmið um árangur	Fjöldi skráninga eykst og skráningar eru nýttar í ferilmöppur og foreldraviðtöl.

2. Hvíldin

Börn hafa ákveðna svefnþörf eftir aldri. Börn sem fá næga hvíld eiga oft auðveldara með að einbeita sér, leika sér og njóta dagsins. Minnkun hvíldar eða svefns getur valdið streitueinkennum og vanlíðan hjá barni. Þó að svefnþörf barna minnki með aldrinum teljum við mikilvægt að stytta hvíld ekki of mikið til að koma í veg fyrir þessa vanlíðan. Börn sýna sjálf merki þegar þau eru tilbúin til að hætta að sofa á daginn. Þá vilja þau ekki leggja sig eða eru mjög lengi að sofna. Með því að hafa hvíldarstefnu sýnilega og aðgengilega viljum við skapa vettvang fyrir samtal við foreldra um hvíld og svefn barna. Samskipti við foreldra hjálpa okkur að fylgjast með breytingum á svefnþörf barnanna, þannig að við getum betur mætt þörfum barnanna.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hvíldin
Tækifæri til umbóta	Hafa hvíldarstefnu leikskólans sýnilega fyrir öllum og hafa hana á nokkrum tungumálum.
Aðgerðir til umbóta	Útbúa og birta veggspjöld með upplýsingum um hvíldarstefnu leikskólans. Kynna hvíldarstefnuna fyrir foreldrum og senda þeim upplýsingar um mikilvægi hvíldar með tölvupósti.
Ábyrgð	Deildarstjórar og stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Stefnt er á að byrja haustið 2026. Áætlað er að kynna þurfi hvíldarstefnuna fyrir foreldrum á hverju ári þegar aðlögun hefst.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtöl við foreldra, foreldrakönnun 2027 og mat starfsfólks á framkvæmd hvíldarstefnunnar á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Foreldrar séu meðvitaðir um hvíldarstefnuna og að rask á hvíld barna verði sem minnst.

3. Málörvun

Í leikskólanum eru öll börnin á málþroskaskeiði. Lubbi finnur málbein námsefnið styður við málvitund barna og er notað til að æfa málhljóðin og bæta framburð í tali barna. Það er því mikilvægt að útbúa verkefni sem eru aðgengileg fyrir allt starfsfólk til að nýta í kennslu og innleiða Lubba enn frekar. Með því fá börnin fleiri tækifæri til að vinna með mál og hljóð á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt í daglegu starfi.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun/ Lubbi
Tækifæri til umbóta	Gera markviss og aðgengileg verkefni með Lubba til að efla orðaforða barna, styðja við málþroska þeirra og skapa fleiri tækifæri til samskipta og málörvunar í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta	Búa til verkefni sem væri auðvelt að grípa í og nýta í samverustundum og leik til að efla orðaforða og málþroska barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar, sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Markmið hefst september 2026 og unnið verður með það yfir allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar um framfarir: með dæmum um orð og/eða setningum sem barnið notar. Skráningarnar verða settar í ferilmöppur og rætt á deildarfundum og í foreldraviðtölum.

Viðmið um árangur	Framfarir í málþroska barna, aukinn orðaforði, meiri þátttaka í samskiptum, svör við einföldum spurningum og fleiri tilraunir til tjáningar.

F. h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

11.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Aðalheiður Finnsdóttir
Bára Bjarnadóttir
Egill þór Níelsson
Elísabet Erlendsdóttir
Eiríkur Búi Halldórsson
Hildur Harðardóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, að okkar mati endurspeglar starfsáætlunin vel það starf og þær áherslur sem einkenndu leikskólann á síðasta skólaári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er skýrt uppsett, aðgengileg og auðvelt er að fylgja efni hennar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir foreldrum góða yfirsýn yfir markmið leikskólans, daglegt starf og þau verkefni sem lögð verður áhersla á á skólaárinu.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar athugasemdir. Starfsáætlunin er vel unnin, skýr og gefur góða mynd af starfi leikskólans.

Fulltrúar í foreldraráði:

Aðalheiður Finnsdóttir
Hildur Harðardóttir
Eiríkur Búi Halldórsson

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST